

Stefna Brimvers/Æskukots gegn einelti, áreiti og ofbeldi vegna barna

Í upphafi skólagöngu barns hefst forvarnarstarf gegn einelti með jákvæðum samskiptum á milli heimils og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þau fara fram skipta stóru máli í forvarnarstarfi gegn einelti. Áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar hjá barninu er mikil forvörn. Með því öðlast barnið sterkari sjálfsmynd og ætti að vera betur í stakk búið ef það lendir í einelti eða verður vitni að því. Fræðsla til starfsfólks er mikilvæg og stuðlar að því að það þekki einelti þegar það á sér stað og kunni að uppræta og vinna með málin ef þau koma upp. Starfsfólk fær einnig fræðslu um kynbundið og kynferðislegt áreiti, hvernig það getur birtist í skólum og forvarnir gegn því. Vinna á eftir áætlun leikskólans við úrlausn þessara mála. Hvert mál er einstakt og er unnið samkvæmt því.

Einelti

Er endurtekin ótilhlýðileg háttsemi sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem með því að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Forvarnir við einelti í leikskólanum

- Deildarstjóri hafi reglulega umræðu á deildarfundum um líðan, samskipti og hegðun, barnanna, barna og starfsfólks
- Kennarar hafi reglulega umræðu í hópum sínum um líðan, samskipti og hegðun, hér getur geðrækt og dyggðakennsla komið að góðu gagni
- Kennarar og nemendur vinni saman samskipta- og umgengisreglur fyrir deildina
- Nemendur þjálfist í hópvinnu og sýni hverjir öðrum tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi
- Stuðla að góðri samvinnu heimila og leikskóla
- Gæsla sé virk á öllum starfsstöðvum leikskólans, s.s. útisvæði, leikstofum og í vettvangsferðum
- Það er á ábyrgð allra starfsmanna leikskólans að fara eftir þessari áætlun
- Stjórnendur leikskóla sjá um að upplýsingar og vitneskja berist á viðeigandi staði eftir eðli málsins
- Stjórnendur bera höfuðábyrgð á að farið sé eftir þessari áætlun

Ef grunur vaknar

- Afla góðra upplýsinga þegar grunur vaknar um einelti
- Hvetja börnin og kennara til að segja frá einelti og styðja við bakið á þeim
- Hjálpa sérhverju barni sem verður fyrir einelti
- Aðstoða þá sem leggja börn í einelti, við að breyta háttarni sínu
- Gera öllum grein fyrir að einelti í leikskóla hefur áhrif á starf og líðan allra á deildinni þar sem einelti viðgengst
- Upplýsa börn og fullorðna um að einelti skekkir sjálfsmynd og skerðir sjálfstraust þeirra, sem fyrir því verða
- Taka einelti alvarlega og reyna að koma í veg fyrir að það eigi sér stað

Könnunarstig

1. Þegar vitneskja/grunur berst um einelti til leikskólans frá nemenda, forráðarmönnum eða starfsfólki leikskólans er henni komið til viðkomandi deildarstjóra
2. Deildarstjóri leitar eftir stuðningi/leiðsögn stjórnenda
3. Deildarstjóri greinir málið samkvæmt skilgreiningu á einelti
4. Deildarstjóri leitar eftir upplýsingum frá kennurum og öðrum sem koma að skólastarfinu
5. Deildarstjóri tekur skipulögð viðtöl við hlutaðeigandi og gerir fundargerð
6. Deildarstjóri ákveður næstu skref eftir eðli málsins í samvinnu við stjórnendur

Framkvæmdarstig

Ef um einelti er að ræða gerir deildarstjóri/stjórnendur forráðarmönnum málsaðila grein fyrir stöðunni á formlegum fundi. Farið er yfir:

1. Hver viðbrögð/áætlun skólans eru til að aðstoða þolanda og geranda
2. Hvað forráðarmenn geta gert til að aðstoða þolanda og geranda
3. Hvetja forráðarmenn til að vera í góðu sambandi við deildarstjóra og stjórnendur
4. Mikilvægi góðrar samvinnu allar sem að málinu koma að fylgja því eftir sem ákveðið er
5. Deildarstjóri upplýsir starfsfólk deildar og gerir grein fyrir stöðu mála í samvinnu við stjórnendur
6. Allt ferlið er skráð
7. Takist ekki að uppræta einelti innan veggja skólans er leitað til aðila í stoðkerfi skólans.

Hlutverk starfsmanna leikskólans

- Að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Hlusta á börnin og lesa í samskipti þeirra. Mikilvægt er að leikskólastjóri og aðrir starfsmenn komi vitneskju um einelti sem allra fyrst til deildarstjóra

Hlutverk nemenda leikskólans

- Að koma vitneskju um áreiti/líðan/einelti til starfsmanna

Hlutverk foreldra

- Að vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barna sinna
- Stuðla að jákvæðum samskiptum og umræðum milli nemenda og um nemendur og kennara.